



Jökclarannsóknafélag Íslands

Fréttabréf

Nr. 72

Júlí 1999

HELGARFERÐ AÐ TINDFJALLAJÖKLI

Jökclarannsóknafélag Íslands efnir til skoðunarferðar að Tindfjallajökli helgina 3. og 4. júlí 1999. Farið verður af stað kl. 9 á laugarmorgun 3. júlí frá Ferðaskrifstofu Guðmundar Jónassonar. Gist verður í skála eða tjöldum eftir hentugleikum hvers og eins. Þátttaka tilkynnist Þórdísí Högnadóttur í síma 525 5862 eða Halldóri Gíslasyni yngra í síma 898 0389 eða 566 7077 við fyrsta tækifæri.

SUMARFERÐ

Hin árlega sumarferð Jöklarannsóknafélagsins verður farin helgina 3.-4. júlí 1999. Leið okkar liggar að Tindfjallajökli að þessu sinni. Hann höfum við vrit fyrir okkur úr fjarlægð en fæst okkar komist honum nær. Lagt verður upp frá hinu hefðbundna bílaplaní fyrir utan bækistöð Guðmundar Jónassonar klukkan 9:00, laugarmorgun 3. júlí og áætlað er að koma tilbaka um 7:00 á sunnukvöld 4. júlí. Gist verður í skála Magnúsar Hallgríms-sonar og félaga nema þeir sem kjósa tjaldið sitt til gistingar. Þátttökugjald er 3000 krónur, fyrir fullorðna, 1500 kr. fyrir börn 6-15 ára og ókeypis fyrir börn yngri en 6 ára og innifelur það rútu, grillahöld og kol. Allan kost þurfa þátttakendur að hafa með sér, bæði nesti og á grillið. Þátttaka tilkynnist Dísu í síma 525 5862, eða Halldóri Gíslasyni í sínum 898 0389 eða 566 7077.

Nefndin